

SKJÖLDUR

Mött útimálning



Gerð: Vatnsþynnanleg mött útimálning.

Notkunarvið: Einkum ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss bæði við ný- og endurmálun. Málningin er mjög alkalíþolin og má því setja hana beint á steypu.

Eiginleikar: Mött og vatnsþynnanleg akrýlmálning með frábært alkálí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Hindrar ekki eðlilegt rakagegnumstreymi flatarins. Létt í vinnslu og þekur vel.

Inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbindiefni sem gefur málningunni afburða mikla mótstöðu gegn gulnun og krítun. Einnig myndar hún sveigjanlega filmu sem minnkar líkur á sprungumyndun. Andar og hindrar því ekki eðlilegt rakaústreymi frá fletinum. Einnig hreinsar hún sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreindum.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	HVÍTUR, STOFN A og STOFN C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Matt (5)
Efnisnotkun:	8-10 m ² /l
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Áhöld:	Pensill, rúlla eða sprauta.
Purrktími og yfirmálun:	Snertipurr 1-2 klst við 10°C Yfirmálun 6-8 klst við 10°C
Eðlismassi:	1,2-1,4 g/ml
Purrefni (rúmmál):	Um 40 %
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Eftir opnun skerðist geymsluþol.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk fyrir þessa vöru (fl. A/c) 40 g/l. Varan inniheldur að hámarki 10 g/l

VERKLÝSING

- Notkunar aðstæður:** Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%.
- Undirbúningur:** Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málnun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málnun. Nýja fleti sem snúa áveðurs er ráðlagt að sílanbaða og grunna með Steypugrunni eða þynntri Brynju. Lítið hallandi fleti ætti fyrst að mála með Þykkmálningu.
- Málun:** Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum. Forðast skal að mála í beinni sól. Varasamt getur verið að mála utanhúss ef von er á náttfalli. Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt.
- Þynnir:** Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.
- Umhverfi:** Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgangum og tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Athugið:** Við málnun á hraunuðum flötum er ráðlagt að nota þynnta málningu. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.